

Sel stærðfræði 7 bekkur 2020-2021

Kennarar: Aðalheiður Kristjánsdóttir; Aðalsteinn Hjartarson;
Anna Lára Hansen

7

Lýsing

Megin tilgangur stærðfræðikennslunnar er að nemendur öðlist hæfni og tileinki sér það viðhorf að það sé gott og gagnlegt að læra stærðfræði. Mikilvægt er að fjölbreyttar aðferðir séu notaðar til að nemandinn uppgötv, þjálfist og læri að nota stærðfræði sem verkfæri í dagsins önn. Unnið er samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla.

Markmið:

Megin tilgangur stærðfræðikennslunnar er að nemendur öðlist hæfni og tileinki sér það viðhorf að það sé gott og gagnlegt að læra stærðfræði. Mikilvægt er að fjölbreyttar aðferðir séu notaðar til að nemandinn uppgötv, þjálfist og læri að nota stærðfræði sem verkfæri í dagsins önn.

Námsefni:

Stika 3a og 3b nemendabók

Ljósrituð verkefni, skapandi verkefni,

þrautalausnir og efni á vef.

Kennsluaðferðir:

Bein kennsla, umræður og spurnaraðferðir og lausnarleitanám,

Námsmat:

Símat, kannanir og kaflapróf.

SEL Stærðfræði 7. bekkur 2020-2021 - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör stærðfræðinnar.
- Leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu.
- Tölur: Samlagning, frádráttur, margföldun og deiling með tugabrotum, stórum og litlum tölum. Getur leyst upp tölur eftir sætum og reiknað með negatívum tölum.

SEL Stærðfræði 7. bekkur 2020-2021 - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Notað mismuandi framsetningu annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra.
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur.
- Sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna.

SEL Stærðfræði 7. bekkur 2020-2021 - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Farið eftir fyrimælum, unnið sjálfstætt og skilað frá sér snyrtilegu og skilmerkilegu námsefni.
- Undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.
- Rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni.
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.
- Lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir.

SEL Stærðfræði 7. bekkur 2020-2021 - Tölur og reikningur

- Notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu.
- Notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi.
- Reikningur: Er örugg/ur í reikniaðgerðunum fjórum; samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu. Getur námundað og þekkt aðgerðir með sviga.

- Skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.
- Almenn brot og prósentu: Getur lagt saman, dregið frá, margfaldað og deilt með almennum brotum. Getur reiknað út prósentu af heild, .

SEL Stærðfræði 7. bekkur 2020-2021 - Algebra

- Algebra: Þekkir reiknireglur algebru.
- Notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum.
- Fundið lausnir á jöfnum og ójöfnum með óformlegum aðferðum, þ.e. Notað víxlreglu, tengireglu og dreifireglu við reikning, bæði í huga og á blaði.

SEL Stærðfræði 7. bekkur 2020-2021 - Rúmfræði og mælingar

- Getað notað hugtök rúmfræðinnar í daglegu tali.
- Rúmfræði: Þekkir heiti horna, getur mælt og reiknað út stærð þeirra. Getur mælt þvermál hrings, geisla, ummál og geira.
- Getur mælt út ummál, flatarmá, yfirboðsflatarmál og rúmmál.
- Notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna það.
- Notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni.

SEL Stærðfræði 7. bekkur 2020-2021 - Tölfræði og líkindi

- Tölfræði og líkur: Getur lesið úr og sett inn í myndrit. Getur reiknað út tíðasta gildi, miðgildi og meðaltal. Getur reiknað út einfaldar líkur.
- Gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim.
- Sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum.